



Alþingi
Erindi nr. P 123/169
komudagur 16.11.1998

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

KT. 530697-2079 - AUÐBREKKA 6 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI 554-4000 - FAX 554-3865 - NETFANG: RLS@RLS.IS

Kópavogi 16. nóvember 1998

Tilvísun: 98100163

060.1

Alþingi
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Með bréfi dagsettu 23. október s.l., var embætti ríkislögreglustjórans sent til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög, 114. mál, refsíabyrgð lögaðila.

Refsíabyrgð lögaðila er almennt í löggjöf Norðurlanda og flestra Evrópulanda. Í baráttu við efnahagsbrot hefur verið talið nauðsynlegt að jafnframt því að ná fram refsingu gagnvart einstaklingum sem uppvísir verða að refsiverðri háttsemi í rekstri og þágu fyrirtækis sé nauðsynlegt að beita refsingum í formi fésekta gagnvart fyrirtækjum, þ.e. lögpersónum sem í rekstri hafa hagnast af brotinu. Þannig er í löggjöf Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar skýrar heimildir til þess að beita lögaðila refsingum fyrir brot sem framin eru í starfsemi og í þágu þeirra.

Fyrirmynd þess frumvarps sem er til umsagnar er löggjöfin eins og hún er í stórum dráttum í Danmörku. Við frumvarpið eins og það er nú þykir rétt að gera eftirfarandi athugasemdir:


1) Ákvæði 19. gr. b., gerir ekki ráð fyrir að refsíabyrgð verði beitt gagnvart einkafirma. Þetta þarfnast nánari skoðunar, þar sem þetta leiðir til þess að ekki yrði beitt refsíabyrgð gagnvart einkafirma í sömu tilvikum og þegar hlutafélag á í hlut. Þetta sýnist nauðsynlegt að lagfæra með því að bæta einkafirma inn í upptalningu ákvæðisins.

2) Ákvæði 19. gr. c., er svo skýrt í greinargerð að ekki sé gerð krafa um að staðreynt verði hvaða maður á vegum lögaðilans hafi gerst sekur um verknaðinn heldur er nægilegt að sýnt hafi verið fram á að refsiverður verknaður hafi verið unninn af einhverjum á hans vegum. Rétt þykir að benda á að um þetta er fjallað í lagaákvæðinu sjálfu, bæði í danska ákvæðinu og því norska. Athugandi er að gera slíkt hið sama við þessa

lagasetningu.

Lagasetning sem frumvarpið felur í sér er nauðsynleg og til bóta.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'G. J. Jónsson', written over the printed name 'saksóknari'.

saksóknari